

# Menntaskólinn á Akureyri

## TÓM 103 – Tónlist og menning

### Frjálst val í 4. bekk vorið 2012

Kennari: Stefán Þór Sæmundsson [stefan@ma.is](mailto:stefan@ma.is)

**Moodle:** TÓM 103 (lykilorð SÞS)

### Áfangalýsing

Þetta er þverfaglegur valáfangi þar sem saga dægurtónlistar síðastliðna hálfra öld liggur til grundvallar og er rokkið rauði þráðurinn. Fjallað verður um mismunandi tónlistarstefnur, einstaka hljómsveitir og tónlistarmenn, textagerð, tísku, kvikmyndir, stjórnsmál, lífsstíl, sukk og svínarí, skoðanir og þátt tónlistar í menningu og samfélagi almennt hér heima og erlendis. Auk innlagnar kennara, umræðna og sýnishorna af ýmsu tagi fá nemendur tækifæri til sjálfstæðra rannsókna og tímabilið verður kortlagt með fjölbreyttum verkefnum.

### Markmið

Nemendur kynnist hinum ýmsu hliðum rokk-tónlistar og annarrar vinsællar dægurtónlistar í vestrænu samfélagi og læri að lesa í þjóðfélagið út frá straumum og stefnum í tónlist. Þeir fá þannig nýja nálgun á sitt nánasta umhverfi og sterka mótunarpætti í lífi þeirra sjálfra, foreldranna og jafnvel afa og ömmu. Markmiðið er einnig að nemendur fái fjölbreytta innsýn í tónlist og textagerð og kynnist merkjum tónlistarmönnum. Þeir fái líka tækifæri til að kafa sjálfir í einstök tímabil og vinna skapandi verkefni.

### Kennslufni

Glærur og glósur frá kennara. Myndbönd og diskar. Ýmsar greinar í bókum, blöðum, tímaritum og á neti. Efni frá nemendum. – Ekki er um eiginlega kennslubók að ræða en stuðst verður við *The Complete Encyclopedia of Rock* og *Eru ekki allir í stuði?* eftir Gunnar Lárus Hjálmarsson í umfjöllun rokksöguna og vísa má í ýmsar handbækur, fræðirit og vefsíður.

### Fyrirkomulag

Þetta er vinnuáfangi og mikil áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og uppgötvunarnám. Til ráðstöfunar eru þrjú tvöfaldir tímar á viku og skiptast þeir að jafnaði þannig:

Einn tvöfaldur: Innlögn kennara, t.d. með glærufyrirlestrum og tónlistarkynningu, væntanlega koma líka gestafyrirlesarar, jafnvel sýndar kvikmyndir.

Annar tvöfaldur: Vinnu- og verkefnatímar nemenda, verkefni nemenda kynnt og flutt eftir þörfum. Sýningar á tónlistarmyndböndum og kvikmyndum geta komið þarna inn líkt og í kennaratímunum.

Sá þriðji tvöfaldur: Undirbúnings- og vinnutími utan töflu, verkefni á moodle eða vinna utan skólatíma, tónlistarpælingar nemenda í rökkvæðu rými, sjaldnast gert ráð fyrir tímasókn.

## Námsmat

- △ Fyrirlestur/dagskrá um tímabil/stefnu/hljómsveit: 20%
- △ Tónlistarmyndband (frumsamin tónlist/texti eða eigin ábreiða): 20%
- △ Einstaklingsverkefni um íslenska tónlist: 10%.
- △ Grand finale. Viðamikil sköpun, kortlagning og umfjöllun í ritgerð/vefsíðu/myndbandi/tónleikahaldi/útgáfu: 40%
- △ Mæting, moodle, ástundun, virkni: 10%

## Kennsluáætlun (með fyrirvara um smávægilegar breytingar)

1.-3. vika (1950-1960): Upphafið. Rokk og ról eða vagg og velta. Brilljantín, leður, pils, strigaskór, dansað upp um veggi, píkuskærkir og stjörnudýrkun, unglíngamenning verður til.

4.-5. vika (1961-1974): Bítlarokk, trúbadúrar, hippatónlist, sýra og þungt rokk. - Frá síðum toppi, hljómsveitarbúningum og æstum unglingsstúlkum til hippamenningar, sýru og þælinga.

6.-8. vika (1970-1980): Prógressíft rokk, iðnaðarrokk og diskó. – Viðamikil tónverk og leikhústónleikar, þungt og þróað rokk, síðan útvötnuð amerísk útgáfa og loks diskófárið með glimmer, glamúr og dansi.

9.-11. vika (1978-1985): Pönk, nýbylgja, nýrómantík og gáfumannapopp. – Uppreisn gegn diskói og þróuðu rokki, einfaldleiki, ögrun, kraftur og druslutíska.

12.-13. vika (1978-1990): Nýtt rokk, nýtt þungarokk og skallapopp. – Uppsveifla þungarokks og myrkurs, vandað rokk nýtur virðingar, skallapopp með ballöðum og dansvænum lögum.

14.-16. vika (1990-2012): Suðupottur síðustu áratuga. Nýtt bítlarokk, grugg, þungarokk, hip-hop, rapp, teknó, söngkonur, drengja- og stúlknasveitir. – Örlítill innsýn í heim hnakka og trefla, tónlistarmyndbandafárið og kynþokkavæðinguna, hömluleysi, villt líferni, dans og dóp, endurvinnsla, stöðnun og afturhvarf.

**Nánara skipulag viku fyrir viku verður á moodle og eru nemendur hvattir til að fylgjast reglulega með þar enda er virkni metin til einkunnar.**

Með ósk um skemmtilega samveru,

Stefán Þór